

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn. Suðurnes.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Suðurnesja hf. (HS) selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

HS lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi HS.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli:

| | | | <i>kr. án vsk</i> | <i>kr. m. vsk</i> |
|----------|-----------|--------|-------------------|-------------------|
| Húshitun | m/l á ári | (80°C) | 27.957,00 | 29.542,00 |
| Húshitun | m/l á dag | (80°C) | 76,59 | 81,00 |
| Húshitun | m/l á ári | (90°C) | 31.452,00 | 33.235,00 |
| Húshitun | m/l á dag | (90°C) | 86,17 | 91,00 |

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli:

| | <i>kr. án vsk/tonn</i> | <i>kr. m. vsk/tonn</i> |
|---|------------------------|------------------------|
| Til húshitunar | 78,47 | 82,92 |
| Til annarra nota | 78,47 | 97,70 |
| Til iðnaðar, sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar | 43,16 | 53,73 |

4. gr.

HS leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil sem hér segir:

| | <i>án vsk</i> | <i>m. 7,0% vsk</i> | <i>m. 24,5% vsk</i> |
|----------------------------------|---------------|--------------------|---------------------|
| Mælir eða hemill allt að 20 mm | 4.973,00 | 5.255,00 | 6.191,00 kr./ár |
| Mælir eða hemill allt að 20 mm | 13,62 | 14,40 | 16,96 kr./dag |
| Mælir eða hemill 25 - 50 mm | 9.962,00 | 10.527,00 | 12.403,00 kr./ár |
| Mælir eða hemill 25 - 50 mm | 27,29 | 28,84 | 33,98 kr./dag |
| Mælir eða hemill 65 mm og stærri | 19.907,00 | 21.036,00 | 24.784,00 kr./ár |
| Mælir eða hemill 65 mm og stærri | 54,54 | 57,63 | 67,90 kr./dag |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega. Gjaldþagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjaldþaga.

6. gr.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi HS. Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| <i>Rúmmál húss utanmál m³</i> | <i>án vsk</i> | <i>m. vsk</i> |
|--|---------------|---------------------------|
| Allt að 400 m ³ | 125.301,00 | 132.406,00 kr. |
| Yfir 400 – 2.000 m ³ | 102,24 | 108,04 kr./m ³ |
| 2.000 m ³ | 288.897,00 | 305.277,00 kr. |
| Yfir 2.000 – 6.000 m ³ | 84,08 | 88,85 kr./m ³ |
| 6.000 m ³ | 625.251,00 | 660.703,00 kr. |
| Yfir 6.000 – 10.000 m ³ | 74,40 | 78,62 kr./m ³ |
| 10.000 m ³ | 922.841,00 | 975.166,00 kr. |
| Yfir 10.000 m ³ | 64,72 | 68,39 kr./m ³ |
| Bráðabrigðatenging, t.d. vinnuskúrar | 20.549,00 | 21.714,00 kr. |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá HS og skal þá greiða fyrir hverja grind:

| | <i>kr. án vsk</i> | <i>kr. m. vsk</i> |
|-----------|-------------------|-------------------|
| Aukagrind | 15.538,00 | 16.419,00 |

III. KAFLI

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

8. gr.

HS hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni.

| | <i>kr. án vsk</i> | <i>kr. m. vsk</i> |
|--------------|-------------------|-------------------|
| Opnunargjald | 4.120,00 | 5.129,00 |

9. gr.

Eftirlitsmanni HS skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Virðisaukaskattur, 7,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar og opnunargjald þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Í útreikningi á 7,0% vsk. hefur verið tekið tillit til endurgreiðslu ríkissjóðs á vsk.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 270 frá 21. mars 2007.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. febrúar 2008.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2008